

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga til bæjarráðs um umbótaverkefni 2024

Dags: 18. mars 2024

Málsnúmer: 202403512/0.1

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að setja 18 umbótaverkefni úr stjórnsýslu- og rekstrarúttekt Strategíu í forgang hjá Mosfellsbæ á árinu 2024.

Strategía skilaði af sér stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á Mosfellsbæ í maí 2023. Þar komu fram alls 74 umbótatillögur. Tillögurnar voru settar fram undir þáttunum: stafrænar lausnir og þjónusta, mat á helstu áhættum í rekstri og ráðstöfun fjármuna og mat á stjórnkerfi og verkaskiptingu. Búið er að rýna tillögurnar en margar snúa að sambærilegum verkefnum og eru þar að leiðandi settar saman. Í raun er því um 55 umbótaverkefni að ræða.

Greinargerð:

Þegar hefur verið unnið að eftirtöldum umbótaverkefnum til samræmis við tillögur Strategíu:

- Innleitt hefur verið nýtt skipurit sem endurspeglar nútímaáherslur sveitarfélaga.
- Yfirstjórn Mosfellsbæjar formgerð.
- Rýning á fjölda nefnda, verkefni þeirra og heiti til samræmis við nýtt skipurit.
- Fjármagn tryggt í stafræna vegferð 2023 og áfram 2024.
- Ferli við mótun stefna - aðgerðaáætlun fylgi stefnum sem eru samþykktar
- Stjórnendabjálfun í tengslum við nýtt skipurit
- Endurskipulag í þjónustuveri
- Kaup á könnunarhugbúnaði til að framkvæma þjónustukannanir á meðal notenda (heimþjónusta & þarfagreining vegna Varmár)
- Ábendingavefur lagfærður

Farið hefur verið í vinnu við forgangsröðun umbótaverkefna fyrir árið 2024, sem felst í lýsingu verkþátta, skilgreiningu á ábyrgð og vinnu settur tímarammi.

Lagt er til að eftirtalin verkefni verði sett í forgang, en fjármögnun hefur verið tryggð í gegnum fjárhagsáætlun ársins 2024:

1. Skilgreining lykiltalna og gerð mælaborða

Í verkefninu felst að skilgreina lykiltölur í starfsemi og þjónustu Mosfellsbæjar og forgangsraða þeim til birtingar í mælaborði. Í því felst rýning á fyrirliggjandi gögnum og tækifærum og áskorunum í söfnun og miðlun gagna. Huga þarf vel að tæknilegum möguleikum og tengingum milli kerfa, öryggi gagna og persónuvernd.

Ábyrgð: Skrifstofa umbóta og þróunar

Tími: Janúar til desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

2. Endurskoðun starfslýsinga stjórnenda og starfsfólks

Í verkefninu felst að tryggja að starfslýsingar séu til fyrir öll störf í stjórnslu Mosfellsbæjar og endurskoðun á fyrirliggjandi starfslýsingum. Starfslýsingarnar verða unnar samkvæmt samræmdu verklagi og gerðar uppfærslur í mannauðskerfi Mosfellsbæjar (H3).

Ábyrgð: Mannauðsstjóri

Tími: Janúar til september 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda.

3. Undirskriftarreglur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar fer bæjarstjóri með prókúru sveitarfélagsins. Bæjarstjóra er jafnframt heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Skilgreina þarf með skýrum og afmörkuðum hætti í hvaða tilvikum bæjarstjóri undirriti samninga og hvenær stjórnenda og eftir atvikum aðrir starfsmenn hafa umboð til að undirrita samninga og önnur skjöl fyrir hönd sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Bæjarlögmaður

Tími: Júní til desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

4. Endurskoðun og samræming samþykktir fastanefnda

Samþykktir fastanefnda verða endurskoðaðar til að tryggja samræmi í framsetningu og afmörkun á verksviði fastanefnda. Vinnan fer fram á skrifstofu bæjarlögmanns með aðkomu sviðsstjóra og starfsmanna fastanefnda auk fastanefndanna sjálfra. Í tengslum við þá vinnu þarf að meta hvort gera þurfi breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar.

Ábyrgð: Bæjarlögmaður

Tími: Janúar til október 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

5. Skilgreining innri endurskoðunar

Með nýju skipuriti Mosfellsbæjar sem samþykkt var þann 17. maí 2023 var innri endurskoðun bætt inn sem nýrri einingu sem heyrir beint undir bæjarráð. Í upphafi er gert ráð fyrir að hlutverk innri endurskoðunar verði útvistað. Hefðbundið hlutverk innri endurskoðunar er að fara með fjármálalegt og stjórnsýslulegt eftirlit í umboði bæjarráðs með það að markmiði að bæta stjórnarhætti og rekstur í einstökum einingum eða verkefnum Mosfellsbæjar. Í verkefninu felst að marka ramma og feril framkvæmdar innri endurskoðunar hjá Mosfellsbæ. Bæjarráð hefur samþykkt að verkefni innri endurskoðunar fyrir árið 2024 verði skoðun á samningum Mosfellsbæjar við Eir um þjónustu við eldri borgara.

Ábyrgð: Bæjarlögmaður

Tími: Febrúar til mars 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

6. Mörkun stefnu í upplýsinga- og skjalamálum

Unnið er að umbótum í upplýsinga- og skjalamálum. Ný skjalavistunaráætlun tók gildi í byrjun árs 2024 sem felur í sér þá stefnubreytingu að meginvistun gagna er rafræn. Það felur í sér nútímavæðingu verklags og er mikilvægt skref í stafrænni stjórnslu Mosfellsbæjar. Á árinu

verður innleiddur nýr málalykill fyrir Mosfellsbæ í góðri samvinnu við öll svið. Nýr málalykill gerir alla vistun skilvirkari og skipulagðari auk þess að gera gögn aðgengilegri. Þessi vinna er grunnur að gerð upplýsinga- og skjalastefnu en hún verður unnin samhliða þjónustustefnu. Upplýsinga- og skjalastefna mun styðja við þjónustustefnu og nútímavæða upplýsinga- og skjalavistun Mosfellsbæjar.

Ábyrgð: Skrifstofa umbóta og þróunar

Tími: Febrúar til desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

7. Endurskoðun siðareglna

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal sveitarstjórn setja sér siðareglur. Núgildandi siðareglur kjörinna fulltrúa eru frá árinu 2010 auk þess sem í gildi eru reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna kjörinna fulltrúa auk verklags- og samskiptareglna. Bæjarráð hefur samþykkt tillögu þess efnis að unnar verði sameiginlegar siðareglur kjörinna fulltrúa og starfsfólks Mosfellsbæjar. Vinnan verður leidd af Strategíu.

Ábyrgð: Bæjarlögmaður

Tími: Febrúar til október 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

8. Efla fræðslu til starfsfólks um þau kerfi sem verið er að nota

Þörf er á að lista upp öll þau kerfi og stafrænu tól sem starfsfólk nýtir við sín störf og greina hver þekking og nýting þess er á þeim. Sú samantekt mun styðja við og nýtast í verkefnum um stafræna vegferð (9) og við úttekt og endurskoðun á upplýsingatækniþjónustu og kerfismálum (11). Þegar kortlagning og greining á stöðu þekkingar og nýtingar kerfanna liggur fyrir verða viðbrögð við því skipulögð s.s. aukin fræðsla og þjálfun til aukinnar notkunar og færni starfsfólks við að nýta þær lausnir sem kerfin bjóða uppá.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Tími: September til desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

9. Stafræn vegferð

Stafræn vegferð Mosfellsbæjar hófst árið 2023 með ráðningu stafræns leiðtoga ásamt skilgreindu fjármagni fyrir málaflökkinn. Á fyrsta árinu voru innleidd 11 stærri verkefni ásamt nokkrum minni. Fyrir árið 2024 var áfram tryggt fjármagn í málaflökkinn og það aukið í 15 m.kr. auk fjármagns til samstarfsverkefna með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Meðal verkefna ársins 2024 eru endurbætur á íbúagátt, fleiri verkefni fyrir stafræna vinnuaflið Mosa, nýjar vefsíður leikskóla undir mos.is, stafræn kortlagning vegna farsældar barna og uppfærslur á Kortasjá þar sem nú má m.a. fá yfirlit, skrá ástand og gera verkbeiðnir vegna ljósastaura og sorptunna.

Ábyrgð: Skrifstofa umbóta og þróunar

Tími: Janúar til desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

10. Mörkum stefnu í upplýsingatækniöryggi

Bæjarráð samþykkti þann 11. janúar sl. að ráðast í úttekt á upplýsingatækimálum Mosfellsbæjar. Með áherslu á þjónustustig, kostnað, öryggismál, persónuvernd og innkaup. Úttektin og aðgerðaáætlun á grunni hennar eru nauðsynleg skref til að styðja við nútímavæðingu þjónustunnar, fyrir áframhaldandi stafræna vegferð og styður við þá áherslu Mosfellsbæjar að

vera í fremstu röð í stafrænni þróun og nýtingu upplýsingatækni í þágu bæjarbúa og starfsfólks. Gert er ráð fyrir að úttektin muni taka stóran hluta ársins 2024.

Ábyrgð: Skrifstofa umbóta og þróunar

Tími: Janúar – október 2024.

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

11. Þjónustustefna

Í gildi er yfirstefna Mosfellsbæjar 2017-2027 þar sem þjónusta er stór stefnumarkandi þáttur. Þörf er á að endurskoða og uppfæra þá stefnu í takt við kröfur dagsins í dag til þjónustumenningar og framkvæmd þjónustu. Þá þarf að fylgja skilgreind aðgerðaáætlun og árangursmat sem er ekki hluti af núgildandi stefnu.

Ábyrgð: Skrifstofa umbóta og þróunar

Tím: September – desember 2024.

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

12. Skilgreina og lykla verkefni einstakra sviða og deilda

Í verkefninu felst að skilgreina og yfirfara öll helstu verkefni á mismunandi sviðum Mosfellsbæjar og lykla þau. Markmiðið er að skýra ábyrgðarsvið og fækka gráum svæðum. Verkefni hófst haustið 2023 og verður framhaldið á árinu 2024.

Ábyrgð: Öll svið

Tími: Janúar til ágúst 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

13. Stefna um fjármagnsskipan

Mörkuð verði heildstæð stefna um fjármagnsskipan sveitarfélagsins þar sem skilgreind eru fjárhagsleg markmið til skemmri og lengri tíma.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Tími: Ágúst - desember 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

14. Áhættustefna

Markmiðið er að kortleggja áhættur í rekstri sveitarfélagsins svo þær séu sýnilegar og hægt sé að draga úr þeim. Mörkuð verður tillaga að markmiðum og umfangi áhættustefnu. Leitað verður til ytri aðila eftir aðstoð við gerð áhættustefnu.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Tími: Mars til september 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

15. Fasteignastefna

Markmið fasteignastefnu er hafa skýr markmið um uppbyggingu fasteigna, umsjón þeirra og hvert skuli stefnt í endurbótum, viðhaldi og húsumsjón auk markmiðssetningar um húsnæðisþörf. Þar með talið að skerpa á samningum um leigu til stofnana sveitarfélagsins og hlutverki, umboði og ábyrgð aðila. Mörkuð verður tillaga að markmiðum og umfangi fasteignastefnu. Leitað verður til ytri aðila eftir aðstoð við gerð fasteignastefnu.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið og Eignasjóður

Tími: Mars - október 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

16. Innkaupamál

Aukin áhersla verði lögð á miðlæga ráðgjöf og stuðning við stjórnendur og stofnanir í innkaupamálum. Litið verður á innkaup með heildstæðum hætti allt frá greiningu á þörf og hagkvæmustum innkaupum. Ráðið verður í starf innkaupa og rekstrarsérfræðings á fjármála- og áhættustýringarsviði.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Tími: Janúar – ágúst 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

17. Styrking á hlutverki, ábyrgð og umboði eignasjóðs

Verkefni eignasjóðs hafa verið kortlögð með það að markmiði að skýra hlutverk, greina ferla og uppfæra til að bæta áhættustýringu fjármuna. Tillögur verði mótaðar til að styrkja stjórnslu og eftirlitshlutverk sjóðsins.

Ábyrgð: Umhverfissvið

Tími: Janúar - október 2024

Fjármögnun: Innan fjárheimilda

18. Farsæld barna

Meginmarkmið laga um farsæld barna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Á árinu verður unnið áfram að innleiðingu laganna og nýs verklags. Áhersla verður á að tengiliðir og málstjórar verði skilgreindir og starf þeirra virkjað.

Ábyrgð: Fræðslu- og frístundasvið og velferðarsvið

Tími: Janúar – desember 2024

Fjármögnun: Verkefnið er fjármagnað með framlagi frá ríkinu vegna innleiðingar á farsæld barna þ.e. stöðugildi leiðtoga verkefnisins, starfshlutfall tengiliða í skólum og málstjóra. Árið 2024 er síðasta árið sem ríkið fjármagnar innleiðinguna.

*Virðingarfyllst,
Regína Ásvaldsdóttir*

Fylgiskjal:

1. Stjórnslu- og rekstrarúttekt Strategíu dags. 2. maí 2023.